

Fundargerð 1. fundar deildar leiðsögufólks í VR

Fundarstaður og dagsetning: Fjarfundur, 12. júní 2025 kl. 21:00

Mættir: Halldór Kolbeins, Hildur Þöll Ágústsdóttir, Jens Ruminy, Pétur Gauti Valgeirsson, Þór Bínó Friðriksson, Jón Páll Baldvinsson, Haraldur Þorvaldsson, Stefán Sveinbjörnsson og Sólveig Lilja Snæbjörnsdóttir

Næsti fundur: 2. Júlí 2025

Fundarritari: Sólveig Lilja Snæbjörnsdóttir

Málsnúmer í One: 2506082

Fyrsti stjórnarfundur deildar leiðsögufólks. Halldór Kolbeinsson, formaður deildarinnar stýrir fundi. Halldór gefur Stefáni Sveinbjörnssyni orðið. Samþykkt er að Sólveig Lilja Snæbjörnsdóttir, starfsmaður VR, riti fundargerð.

1. Skipun í stjórn deildar. Stjórn deildar er skipuð skv. starfsreglum deildar og hafa allir aðilar verið skipaðir í stjórn deildarinnar.

2. Stjórn skiptir með sér verkum. Kosning varaformanns deildarinnar. Stungið er upp á Hildi Þöll og er það samþykkt einróma.

3. Hvert er hlutverk deildar leiðsögufólks í VR og hvernig á deildin að starfa. Stefán fór yfir hlutverk deildarinnar. Sjá nánar í glærum „Deild leiðsögufólks 12. júní 2025“. VR hefur tekið yfir öll réttindi og skyldur Leiðsagnar og Leiðsögn sem félag er ekki til lengur. Stefán sýndi undirsíðu á vef VR þar sem er að finna efni fyrir leiðsögufólk hjá VR. Starfsfólk VR sér um að vinna verkefni fyrir deildina. Starfsmaður deildarinnar er Aðalheiður Rán Þrastardóttir, stjórn hefur samskipti við hana og hún kemur verkefnum í farveg innan VR.

Umræður:

Spurt var um hvaða atriði eru sett í fjárhagsáætlun. Stefán svaraði því að hér gæti verið um að ræða verkefni í sambandi við hagsmunabaráttu eða til dæmis verkefni í sambandi við þróun náms fyrir leiðsögufólks. Fjármunir fyrir námskeiðahald koma annarsstaðar frá.

Spurt var um samskipti stjórnar við skrifstofu, hvernig verður það þegar kemur að gerð kjarasamninga? Svarað var því að þau mál verða unnin alveg sér. Sagt frá sérstöku skipulagi sem VR hefur mótað þegar kemur að gerð kröfugerðar sem felst m.a. í fundarhöldum, gerð kannana og fleiri atriðum.

Athugasemd kom fram um að bókun hafi verið gerð í síðasta samningi um að hefja umræður í tengslum við kjaraviðræður strax á samningstímanum, milli samninga. Stefán ítrekar að sú vinna þurfi að fara í ákveðin farveg. Rætt um hvernig væri hægt að koma með tillögur fyrir næstu kröfugerð. Rætt um að opna netfang þar sem tekið væri á móti tillögum og hugmyndum.

Bent var á að til að koma í veg fyrir að viðræðurnar lendi í tímapressu væri gott að byrja tímanlega á viðræðum.



Spurning kom fram um formið á stjórnarfundum. Hve oft eru þeir? Verður Aðalheiður, starfsmaður deildarinnar með á þeim fundum? Er svæði fyrir gögn fyrir stjórnarfundum? Þessu verður svarað á næstu glæru.

Spurt var hvort verði sér samninganefnd skipuð með fulltrúum leiðsögumanna og VR félögum. Stefán svaraði því að stjórn VR skipar samninganefnd VR, en reiknað hefur verið með því að leiðsögufólk verði með sér samninganefnd.

Niðurstaða:

Stjórn deildarinnar ásamt skrifstofu VR mótar farveg fyrir undirbúning kjaraviðræðna.

4. Starfsreglur deildar leiðsögufólks í VR

Stefán lagði til að settar verði reglur um formið á deildinni. Sjá nánar í glærum „Deild leiðsögufólks 12. júní 2025“.

Umræður um starfsreglur:

Fram kom tillaga um að stjórn og varastjórn deildarinnar fari í gegnum þessar spurningar og svari þeim

Önnur tillaga var lögð fram um að fylgja þeim venjum sem aðrar deildir VR fara eftir þegar kemur að formi stjórnarfundar.

Stefán sagði frá því að punktarnir sem hann kynnti, sjá nánar í glærum, eru byggðir á starfsreglum stjórnar VR og þær eru einnig inni á vef VR og sendir hann tengil á þær.

Niðurstaða:

Öll eru samþykkt því að vinna eftir þessum starfsreglum og móta þær að starfi deildarinnar. Stefán sendir drög að starfreglum á stjórnina.

5. Starfsáætlun deildar leiðsögufólks

Stefán fór yfir helstu atriði sem þarf að skoða varðandi starfsáætlun. Sjá glæsur „Deild leiðsögufólks 12. júní 2025“.

Umræður:

Fram kom tillaga um að annar hver stjórnarfundur deildarinnar sé staðfundur og hinn fjarfundur.

Bent var á að mánuðirnir júní, júlí og ágúst sé annasamasti tími leiðsögufólks og mögulega sé þörf á að halda fundi þá af þeim sökum. Hvernig er uppýsingamiðlun hugsuð á þessum tíma?

Önnur tillaga kom fram um að hafa alltaf staðfund og allt stjórnarfólk reyni að mæta a.m.k. á annan hvorn fund.

Er það kostnaður fyrir VR að halda staðfundum?

Stefán segir það ekki vera, stjórn VR hefur blandaðan fund í hvert sinn. En reynslan sýnir að þeir sem eru í fjarfundum eru ekki eins miklir þátttakendur á fundinum.

Rætt var um að ákveða tímasetningu fyrir fundina. Lagt var til að hafa þá milli 20:30 og 21:30.

Stefán leggur til að haldin verði vinnufundur í september sem væri 3-4 klukkutímar. Þá verði lögð drög að starfi deildarinnar í vetur. Reynslan hafi sýnt hjá VR að eftirfylgni slíkrar vinnu á stjórnarfundum yfir veturinn verði markvissari.

Lagt til að stofnuð verði WhatsApp grúppa þar sem hægt sé að ræða milli funda.

Hildur Þöll fór af fundi kl. 22:00.

Ítrekuð spurning um gátt fyrir fundargögn. Hægt er að senda t.d. upplýsingapóst á milli funda frá starfsmanni eða skrifstofu.

Stefán segir frá því að það verði veflæg gátt fyrir gögn fyrir fundina. Opnað verði á hana fljótlega eftir þennan fund.

Niðurstaða:

Fundargátt verður opnuð fyrir stjórn deildarinnar. Allt stjórnarfolk fær aðgang fyrir næsta fund. Stjórn tekur umræðu um stað- og fjarfundi ásamt fundartíma áfram og afgreiðir á næsta fundi. Stefnt að því að halda vinnufund í byrjun september.

6. Verkefni sem deildin ætla að vinna að á komandi starfsári

Sjá yfirlit yfir verkefni sem farið var yfir í glærum „Deild leiðsögufólks 12. júní 2025“. Lagt til að unnið verði úr þessum lista á vinnufundi í september.

Halldór fór stutt yfir stöðuna á verkefnunum á glærunum.

Engar athugasemdir.

Halldór ítrekaði að þetta sé upphafið að nýrri deild.

Rætt var um að taka þyrfti ákvörðun um bestu leiðina á því að miðla upplýsingum til leiðsögufólks í VR.

Umræður um facebook síðu. Sú hugmynd kom upp á skrifstofu VR var að vera með facebook hóp sem starfsfók VR ritstýrir.

Bent var á að til er facebook síða sem heitir leiðsögufólk í VR.

Athugasemd kom um að gott væri að sleppa facebook og fá frekar ítarlegt fréttabréf einu sinni í mánuði.

Spurning barst til Stefáns um hvort komið sé félagatal. Hann sagði frá því að þeir sem hafa verið í VR og eru leiðsögufólk þurfi að skrá sig í deildina. Það gæti tekið tíma.

Kosturinn við að upplýsingamiðlun komi í gegnum platform eins og facebook sé að þar sé hægt er að koma upplýsingum hratt á framfæri. Þetta gæti þjónað þeim tilgangi að passa upp á leiðsögufólk. Nota mætti facebook eða annað platform sem verkfæri til að ná árangri.

Stefán ítrekaði að þetta yrði stýrð facebook síða, ef stjórn deildar samþykkir, og haldi yrði vel utan um hana.

Niðurstaða:

Engin ákvörðun tekin um formið á upplýsingamiðlun.

7. Önnur mál

Stefán fór yfir að fundargerðin verði sett inn á vefsvæði sem opnað verður fljótlega og borin upp til samþykktar á næsta fundi í júlí.

Næsti fundur verður 2. júlí.

Fleira var ekki rætt og fundi var slitið kl. 10:26.